



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 13. mars 2025

SFS25010173

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lokun leikskóladeilda vegna manneklu


Á fundi skóla- og frístundaráðs, 27. janúar 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir sundurliðuðum lista yfir þá leikskóla sem loka hafa þurft deildum vegna manneklu. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um þá leikskóla sem hafa þurft að skerða þjónustu sína um heilan dag í viku eða hluta dags vegna manneklu síðastliðið ár til dagsins í dag.*

#### Svar:

Af 67 borgarreknum leikskólum þurftu 49 leikskólar að grípa til faliðunar einhvern tíma á árinu 2024. Á mynd 1 má sjá fjölda leikskóla sem þurftu að grípa til faliðunar einhvern tíma í viðkomandi mánuði. Með fleiri undirbúningstíma starfsfólks bundna í kjarasamningum og vegna styttingar vinnuvikunnar er minna ráðrúm eða sveigjanleiki en áður var við mönnun leikskóladeilda. Lítið má út af bregða til þess að of fámennt sé miðað við barnafjölda. Minni sveigjanleiki og erfiðleikar við að ráða starfsfólk hefur leitt til þess að fleiri leikskólar hafa þurft að grípa til faliðunar en áður þekktist.

Fjöldi leikskóla þar sem börn hafa verið send heim hluta úr degi eða allan daginn vegna faliðunar eftir mánuðum 2024




Mynd 1.

Um 70% fjarvistaskráninga vegna faliðunar er hluti úr degi en 30% heill dagur. Stærsti hluti barnanna þurfti frá að hverfa einu sinni yfir árið eða 1047 börn, oftast nær hluta úr degi. Þess ber að geta að þegar fara þarf í faliðun biðla leikskólastjórar oft til þeirra foreldra sem geta verið með börn sín heima að gera það, svo ekki þurfi að senda börn foreldra sem eiga erfiðara um vik heim. Því hafa nokkur börn farið heim nokkuð mörg skipti yfir árið en þetta eru oft á tíðum börn foreldra sem eru í fæðingarorlofum.



## Fjöldi barna fjarverandi eftir fjölda skipta sem það er fjarverandi árið 2024



Reynt er eftir fremsta megni að loka aðeins hluta úr degi fyrir hluta barnanna og dreifa lokunni jafnt niður á barnahópinn. En það er í samræmi við faliðunarferil skóla- og frístundasviðs. Þannig er reynt að hafa systkini saman í skipulagðri faliðun og börn starfsfólks leikskóla Reykjavíkur eru ekki send heim í faliðun.

Foreldrar borga ekki leikskólagjöld fyrir þá tíma sem barn er fjarverandi vegna faliðunar.

Ekki eru til jafn ítarlegar upplýsingar um faliðun á árinu 2025 en hægt að upplýsa að 9 leikskólar eru með skipulagða faliðunaráætlun í gangi næstu vikur og mánuði. Dregið er úr faliðun um leið og tækifæri gefst.

